



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Haldinn 25. nóvember 2020 með fjarfundarhugbúnaðinum zoom og hófst 20:00

Fundinn sátu: Árni Árkelsson (ÁÁ), Hulda Stefanía Hólm (HH), Jóhann Tryggvi Jónsson (JJ), Markús Pétursson (MP), Sigurður Ragnar Guðmundsson (SG), Unnar Már (UM) og Guðrúnu Björk Friðriksdóttur (GF) sátu fyrsta dagskrárlið.

Dagskrá

1. Fullorðinsstarfið

UM og GF ræddu um hvernig þau sjá fyrir sér sína aðkomu að Þyt. UM, GR, Árnþór Ragnarsson, Ólafur Ágúst Axelsson og Úlfur Hauksson mynda hóp (hér eftir kallaður H1Þ) sem æfði og keppti fyrir hönd Þyts á Secret bát félagsins Þernu í sumar. Þau eru öll með skipstjórnarréttindi.

H1Þ leitast eftir því að:

- fá að nota annan Secret (hér eftir kallaður Þerna) bátinn tvisvar til þrisvar í viku til æfinga frá 1. janúar 2021 til 1. október 2021.
- fá að nota Þernu í allar kjölbátakeppnir Siglingasambands Íslands og allar þriðjudagskeppnir á vegum Brokey og á vegum Þyts sem við vonumst til með að koma á í samstarfi með Þyt.
- hafa forgang á því hverjir eru um borð þegar verið er að æfa eða keppa.
- vera skilgreind sem afrekshópur til þess að geta æft og keppt með undanþágu frá Sóttvarnareglugerðum.
- Í skipulagðri starfsemi Þyts skal Þerna vera seinni báturinn, þ.e. ekki notaður nema báða bátana þurfi

H1Þ er tilbúið til að:

- leita eftir styrkjum til að fjármagna vindhraðamæli, vindstefnumæli, sjóhraðamæli, dýptarmæli, segul áttamæli
- hjálpa við barnastarfið og opin hús
- koma á fót kjölbátakeppnum í Hafnarfirði
- sinna viðhaldi á Þernu

H1Þ hefur skilning á að:

- Þernu er ekki hægt að fá lánaða til æfinga þegar Þytur er með opið hús eða aðra skipulagða starfsemi (skilgreining) þegar þarf að nota báða Secret báta félagsins.



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

2. Greiða atkvæði um fundargerðir

Samþykkt

3. Samstarf við Snarfara

Þytur býður upp á legufæri sem Snarfari gæti notað í skreppitúra til Hafnarfjarðar. Þytur býður upp á skipulagða trefjaplatsviðgerðir sem byrjendur geta notfært sér. Snarfari er með góða aðstöðu til að taka upp báta til viðgerða. Snarfari á flotbryggju á Breyðarfirði sem félagsmenn Þyts gætu haft áhuga á að nýta sér. Samstarfið er enn í mótun.

4. Skoðun slökvitækja

SR tekur að sér

5. Mála og laga ljós

6. SR tekur að sér

7. Rukkun aðstöðu og félagsgjalda

Eitthvað hefur verið um að félagsmenn sem fengu greiðsluseðil og ætluðu sér ekki á að halda áfram að vera félagsmenn hafi haft samband og beðið um að greiðsluðillinn verði fjarlægður úr heimabankanum. Greiðsluðillinn var útbúinn þannig að hann fer ekki í innheimtu og dettur út eftir ákveðinn tíma. Þetta virðist ekki hafa verið öllum ljóst og mætti hafa í huga næst.

8. Ábendingarformin

Engin.

9. Skipun aðstöðunefndar

MP ekki búinn að segja upp gömlu nefndinni. MP segir nýju nefndina velja sér formann sjálf. Fljótlega eftir áramót mun bærinn skipa nefnd sem Þytur mun skipa í að hluta. MP finnst eðlilegt að í henni verði einhverjir úr nýju aðstöðnefndinni.

10. Önnur mál

ÓA sagði frá hafnargjöldum í Vancouver. Þau ráðast meðal annars af því hversu hljóðmengandi skipið er og getur það munað allt að 47%. Með þessu vill Vancouver leggja sitt að mörkum til að háhyrningarstofn svæðisins nái sér á strik. Aðeins örfáir háhyrningar eru eftir af þessum stofni.

<https://www.portvancouver.com/news-and-media/news/vancouver-fraser-port-authority-expands-noise-reduction-criteria-to-encourage-quieter-waters-for-endangered-whales/>

Hávaðamælingar

https://seti-media.com/infopopulation/port_vancouver/

Næsti stjórnarfundur boðaður 9. desember.



Fundargerð

Stjórnarfundur Pyts

Fundi slitið klukkan 22:05